



## Fundargerð hreppsráðs 15.7.20

### Fundur nr. 19 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í hreppsráði Vopnafjarðarhrepps 15. júlí 2020 á Teams kl. 18:00.

Mætt til fundar: Sigríður Bragadóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Íris Grímsdóttir, sem ritaði fundargerð.

1. **Almenn mál**
2. **Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Krossavíkur.**

Hreppsráð telur að efnistaka samkvæmt beiðni Vegagerðarinnar sé í samræmi við Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 og heimilar skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi að fengnum umsögnum og að teknu tilliti til þess sem þar kemur fram.

Samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samþykkt samhljóða og fundi slitið kl. 18:10.